

Aðalfundur Starfsmannafélags Suðurnesja haldinn mánudaginn 6. júní 2011 kl. 20, að Krossmóum 4.

Dagskrá:

- 1.** Formaður, Ragnar Örn Pétursson setti fund kl. 20.05 og bauð félagsmenn velkomna.
- 2.** Stungið var upp á Ragnar Erni sem fundarstjóra og Kjartan Fr. Adólfssyni sem fundarritara. Samþykkt samhljóða.
- 3.** Skýrsla stjórnar. Ragnar stiklaði á stóru varðandi þau verkefni sem stjórn S.T.F.S. hefur tekist á við s.l. starfsár. Kjaramálin hafa tekið mikin tíma s.l. vikur. Orlofsmálin eru stór þáttur í heildarrekstrinum.

Opnunartími skrifstofu var aukin á árinu. Að endingu sagði Ragnar Örn að komandi kjörtímabil yrði hans síðasta sem formaður S.T.F.S. en um vorið 2013 verða komin 14 ár hjá honum í formennsku.

- 4.** Skýrsla gjaldkera. Valdís Sigurbjörnsdóttir gjaldkeri S.T.F.S. lagði fram endurskoðaða reikninga og kynnti helstu tölur samstæðureiknings. Fram kom spurning um stöðu starfsmenntunarsjóðs gagnvart félagssjóði.

Ragnar svaraði því til að skuld starfsmenntunarsjóðs væri rúmar tvær milljónir. En af allt gengi að óskum mun staða sjóðsins verða góð að ári liðnu. Reikningarnir voru síðan samþykktir samhljóða.

- 5.** Kosning stjórnar.

Tillaga stjórnar er eftirfarandi:

Ragnar Örn Pétursson formaður til tveggja ára.

Kjartan Fr. Adólfsson og Eiríkur Bjarki Eysteinnsson í aðalstjórn til tveggja ára.

Margrét Böðvarsdóttir og Hermann Ólason í varastjórn til eins árs.

Engar aðrar tillögur bárust. Tillaga stórnar samþ. samhljóða.

6. Kosning skoðunarmanna reikninga.

Aðalmenn Elenóra Katrín Árnadóttir og Jósefína Arnbjörnsdóttir.

Til vara: Guðmundur Jólsson.

- 7.** Kosning nefnda. Samþ. að vísa skipan í endurmatsteymi og orlofsnefnd til stjórnar.

Í starfsmenntunarsjóð voru kosin: Ásdís Óskarsdóttir og Sigurbjörg Gísladóttir.

Í uppstillingarnefnd voru kosin: Stefán Ólafsson, Þorgerður G. Guðmundsdóttir og Hrefna Gunnarsdóttir.

- 8.** Ákvörðun félagsgjalda. Á aðalfundi S.T.F.S. 2010 var samþykkt að vísa ákvörðun um félagsgjald til stjórnar.

Stjórnin samþykkti að færa félagsgjöldin úr 1,3% af föstum launum í 1% af öllum launum. Samþykkt að breytingin taki gildi 1. janúar 2012.

- 9.** Önnur mál. Ragnar Örn kynnti helstu atriði úr nýgerðum samningi milli ríkisins og S.T.F.S. vegna starfsmanna á heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Kynningarfundur um samninginn verður með starfsmönnum H.S.S. miðvikudaginn 14. júní n.k. 24 félagsmenn mættu á aðalfundinn.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 21.30.

Kjartan Fr. Adólfsson ritaði fundargerð.